

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1499
komudagur 6.4.2010



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 31. mars 2010

UMSÖGN Hagsmunasmátaka heimilanna (HH)

138. löggjafarþing 2009-2010.

Þskj. 186 – 167. mál. Tillaga til þingsályktunar um úttekt á gjaldmiðilsmálum.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis sendi málið til umsagnar Hagsmunasmátaka heimilanna (HH), með tölvupósti skjalavarðar nefndasviðs Alþingis, 10. mars 2010.

Þingsályktunartillagan gengur í stórum dráttum út á að ríkisstjórnin láti gera viðtæka úttekt á helstu framtíðarkostum Íslands í gjaldmiðilsmálum, með teymi breiðs hóps sérfræðinga, erlendra og innlendra og nálgast viðfangsefnið eftir þremur leiðum eða möguleikum, meðal annars með samanburði við önnur sambærileg hagkerfi sem hafa lent í harkalegri kreppu en eru hluti af stærra myntsvæði, svo sem evru.

HH lýsa stuðningi við þessa þingsályktunartillögu.

Hverjar svo sem endanlegar niðurstöður í gjaldmiðilsmálum Íslendinga verða; hvort sem krónan, evran eða annar gjaldmiðill verður notaður hér í framtíðinni, þarf að mynda opinbera framtíðarsýn og festu í umræðuna. Umræðan þarf að vera vönduð, markviss og aðgengileg almenningi og gagnrýnum stofnunum landsins. Til að hraða þessari vinnu ætti að setja skiladagssetningar inn í ályktunina. HH leggur til að þessari vinnu skuli lokið fyrir 1.12.nk.

Einnig er nauðsynlegt að stórar og mikilvægar ákvarðanir séu teknar á eins traustum ákvörðunargrundvelli og kostur er. Hann er óskýr í dag, sem grefur undan grunni fjárfestinga heimila og fyrirtækja.

Þegar rætt er um íslenskt efnahagssumhverfi kemur orðið stöðugleiki mjög oft upp. Þeir sem halda heimili og þeir sem reka fyrirtæki, einnig sveitarfélög og ríkið í heild sinni þurfa viðunandi stöðugleika. Annars er öll áætlunargerð erfið og öll framtíðarsýn óviss. Íslenska krónan og gengi hennar gagnvart erlendum gjaldmiðlum hefur ekki getað uppfyllt þetta svo vel sé í gegnum árin, eins og búíð hefur verið að henni.

Hins vegar hefur oft upp á síðkastið verið sagt að það sé sveigjanleiki íslensku krónunnar sem hafi hjálpað þjóðfélaginu við að komast áleiðis í gegnum kreppuna, svo sem með hagstæðum útflutningsskilyrðum og meiri ásókn og fjölda ferðamanna til Íslands.

Vegna válegrar stöðu hagkerfisins, umfangsmikilla fyrirséðra breytinga á lagaumhverfi efnahagsstjórnar, fjármálafyrirtækja og neytendaréttar, auk aukinna alþjóðlegra viðskipta, er ljóst að sama hver niðurstaða greiningar verður mun vinnan skila mati til aukins skilning á sóknarfærum og hættum sem við búum við sem sjálfstæð þjóð. Henni ber því að fagna.

Þó er ljóst að sama hvaða gjaldmiðlaleið verður valin, verður að kalla aðalleikendur efnahagskerfisins til ábyrgðar fyrir stöðugleika. Það á sérstaklega við um lánveitendur.

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasmátaka heimilanna / www.heimilin.is

Friðrik Ó. Friðriksson, formaður

Arinbjörn Sigurgeirsson, lagasvið